

1873.

25. oktbr.

83. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lóð yfirréttarhússins.

Með bréfi, dagsettu 15. ágústm. þ. á., hafð þér, herra landshöfðingi, sent hingað tvær bænarskrár, þar sem Árni kansallíræð Thorsteinson og ljósmyndasmiður Sigfús Eymundarson, sem búa næstir hinu svonefnda yfirréttarhúsi, í Reykjavík, hafa sókt um, að fá til kaups tvo tiltekna parta af lóð þeirri, sem tilheyrir yfirréttarhúsinu, annan uppá 251 ³/₄ ferhyrningsáln. og hinn 201 ¹/₄ ferhyrningsáln. að stærð; hafð þér lagt til, að selja megi tæða lóðarparta, sem eigi virðast vera svo áriðandi fyrir yfirréttarhúsið, fyrir kaupverð eptir mati óvilhallra manna, en sem þó eigi sè minna en 8 sk. fyrir hverja ferhyrningsálin, og skuli kaupendur gefa út skuldbindingar, sem verði þinglýstar, til þess þær framvegis hvíli á eignum þeirra, um, að þeir innan tiltekins hæfilegs frests seti upp af nýju haldgóðan skíðgarð eða rimagarð rétt fyrir innan takmörk þau, sem nú verða milli eignanna, svo garðurinn standi að öllu leyti á lóð þeirra; skuli garðurinn vera að minnsta kosti 2 álna hár, og eigi kaupendur að halda honum framvegis við í góðu standi; þar að auki skuli þeir taka að sèr, að greiða að tiltölu nokkuð af lóðargjaldi því, sem hvílir á eigninni, og megi þeir ekki byggja á lóðarpörtunum, svo skemmra verði til þeirra húsa, sem nú standa á lóð yfirréttarhússins, en 10 álnir, eins og fyrir er mælt í opnu bréfi 29. maí 1839, 3. gr. B.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti því, að þessi sala fari fram með þeim skilyrðum, sem getið var.

25. oktbr.

84. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnar-